

FUNDARGERÐ STÝRIHÓPS UM FORVARNIR

4.fundur Stýrihóps um forvarnir í Húnaþingi vestra haldinn miðvikudaginn 15.maí 2013, kl: 09.30 í fundarherbergi Ráðhússins.

Mættir undirritaðir:

Dagskrá:

1. Forvarnarstefna Húnaþings vestra.
2. Samþykkt að taka á dagskrá verkefnið „Ungt fólk allsstaðar“
3. Samþykkt að taka á dagskrá dreifnám í Húnaþingi vestra

Afgreiðslur:

1. Áfram unnið með forvarnarstefnuna. Eydís mun senda hópnum eitt sameiginlegt skjal og ætlunin er að stefnan verði samþykkt á næsta fundi.
2. SSNV ákvað að hrinda af stað verkefni sem kallast „Ungt fólk allsstaðar“ og snýr það m.a. að því að finna út lífshætti, langanir og þrár ungs fólks sem býr í þessum landshluta okkar. En ekki minnst hvað ræður afstöðu þeirra til búsetu, vali á framhaldsskóla og atvinnu og hvenær þau móta þessa afstöðu. Stýrihópi finnst nauðsynlegt að þessi könnun verði lögð fyrir meðal nemenda í 8. 9. og 10.bekk og það verði vel kannað hvaða áhrifavaldar hafa mest um það að segja hvað ræður vali ungmenna um búsetu og vali á framhaldsskóla. Stýrihópur óskar jafnframt eftir því að lögð verði fyrir sérstakar spurningar í Húnaþingi vestra sem tengjast dreifnáminu. Ákveðið að fá framkvæmdastjóra USVH á næsta fund til að fara yfir niðurstöður forvarnarkönnunar með stýrihópnum.
3. Stýrihópur óskar eftir því við FNV að auglýsa kosti dreifnámsins í Húnaþingi vestra og kynningarefni verði dreift árlega að hausti á öll heimili.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 10.55

Eydís Aðalbjörnsdóttir(sign) Magnús Magnússon(sign) Kristján Þorbjörnsson(sign)
S. Kristín Eggertsdóttir(sign) Sigurður Þór Ágústsson(sign)

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttur fræðslu- og félagsmálastjóra.